	VERKLAGSREGLUR um starf nýdoktora	Bls. 1 af 2 Ábm. Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs. Samþ. í háskólaráði 1. febrúar 2024. Málsnúmer: HI24020049
---	--	---

1. Inngangur og markmið

1.1 Markmið með verklagsreglum þessum er að skilgreina umgjörð um störf nýdoktora og forsendur fyrir ráðningu, m.a. í því skyni að bæta starfsskilyrði þeirra.

2. Skilgreining á starfsheitinu nýdoktor

2.1 Nýdoktor (*e. Postdoctoral researcher*) er starfsheiti við Háskóla Íslands. Starf nýdoktors er tímabundið starf við rannsóknir sem er ætlað að veita frekari þjálfun og reynslu að loknu doktorsnámi, sem undirbýr viðkomandi undir akademískan starfsferil.

2.2 Heimilt er að nota starfsheitið nýdoktor við Háskóla Íslands í allt að fjögur ár, óháð starfshlutfalli.

2.3 Heimilt er að ráða í starf nýdoktors innan sjö ára frá lokum doktorsprófs. Tekið er tillit til veikinda og fæðingar- og foreldraorlofa við mat á heildartíma frá lokum doktorsgráðu. Einnig er heimilt að taka tillit til reglna styrkveitenda við þetta mat eftir því sem við á.

2.4 Fjármagn skal vera tryggt út ráðningartímamann, áður en gengið er frá ráðningarsamningi við nýdoktor við Háskóla Íslands.

2.5 Nýdoktor er ráðinn að jafnaði í 80 til 100% starf. Undir sérstökum kringumstæðum, með samþykki viðkomandi fræðasviðs, er heimilt að ráða í lægra starfshlutfall, en þó ekki í lægra en 50%.

2.6 Nýdoktor skal ekki vera í akademísku starfi eða starfa sem aðjúntkt við Háskóla Íslands. Heimilt er að sinna kennslu eða öðru starfi við háskólann sem nemur allt að 20% starfsígildi.

3. Laun

3.1 Laun nýdoktora eru samkvæmt stofnanasamningi Háskóla Íslands við hlutaðeigandi stéttarfélag.


3.2 Nýdoktor á rétt á árlegri launaumbun úr sérstökum vinnumatssjóði nýdoktora í samræmi við reglur þess sjóðs.

4. Samstarf

4.1 Nýdoktor skal hafa einn eða fleiri formlegan samstarfsaðila úr röðum akademískra starfsmanna háskólans.

4.2 Hlutverk samstarfsaðila er að vera tengiliður og ráðgjafi (mentor) nýdoktors í viðkomandi deild eða stofnun og tryggja að nýdoktorinn fái viðeigandi þjálfun.

4.3 Háskóli Íslands býður nýdoktorum upp á fræðslu og þjálfun á starfstímanum, t.d. um vísindasiðamál, nýsköpun og stofnun sprotafyrirtækja, vísindagreinaskrif og sókn í

	VERKLAGSREGLUR um starf nýdktora	Bl. 2 af 2 Ábm. Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs. Samþ. í háskólaráði 1. febrúar 2024. Málsnúmer: HI24020049
---	---	--

samkeppnissjóði rannsókna (umsóknaskrif). Miðstöð framhaldsnáms skipuleggur slíka fræðslu.

4.4 Nýdóttarar eiga sæti á fundum starfsmanna rannsóknastofnana, í samræmi við reglur rannsóknastofnana Háskóla Íslands. Deild er heimilt að ákveða, sbr. 3 mgr. 17. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, hvort nýdóttarar eigi sæti á deildarfundum og hvort þeir hafi atkvæðisrétt.

5. Gildistaka

Verklagsreglur þessar taka gildi 1. mars 2024.